

Fitugildirur – viðmið fyrir fráveitusamþykktir sveitarfélaga



UMHVERFISSTOFNUN

Fita veldur mengun í umhverfinu og auk þess getur fita valdið vandræðum í fráveitukerfum, hún storknar og þéttist í lögnum, safnast fyrir í dælubrunum og veldur vandamálum í hreinsivirkjum og eykur þannig kostnað við rekstur fráveitukerfa.

Sveitarfélög geta sett sér fráveitusamþykktir þar sem tekið er á ákveðnum málum sem ekki er kveðið sérstaklega á í reglum. Í þessu tilfalli er markmiðið að verja bæði umhverfi og lagnakerfi veitukerfa gegn því að fita safnist fyrir og hafi óæskileg áhrif. Þannig fara saman bæði hagsmunir þess sem rekur fráveituna og umhverfisins. Tilgangur þessara tillagna er að setja fram samræmd viðmið sem sveitarstjórnir geta nýtt í sínar fráveitusamþykktir, eftir því sem við á og þörf krefur.

Tillögurnar/viðmiðin voru unnin af umhverfisgæðahópi sem er samráðshópur Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

1. Markmið

Markmið með fituskilju er að skilja fitu úr fráveituvatni til að fitan valdi hvorki mengun í umhverfinu né skemmdum á lagnakerfi, dælubrunnum og hreinsivirkjum.

Með samþykkt um notkun fituskilja í fráveitukerfum sveitarfélags er stuðlað að vernd umhverfis vegna mengunar og um leið að auðvelda rekstur fráveitukerfa.

2. Starfsemi sem skal nota fitugildirur.

Starfsemi þar sem hætta er á að fita geti borist í fráveitukerfi sveitarfélags skal koma upp fituskilju á fráveitulögn. Þetta geta verið framleiðslu- og vinnslustaðir matvæla eða staðir sem framleiða og vinna jurta- eða dýraafurðir. Krafa um fitugildru gildir um allar fráveitur bæði opinberar og einkaaðila. Í eldri starfsemi metur heilbrigðisnefnd þörfina fyrir fitugildru í hverju tilviki og setur fram fram kröfu um fitugildru með tilhlýðlegum fresti til úrbóta.

3. Starfsemi sem getur þurft að nota fitugildurur

Sveitarfélagið eða heilbrigðisnefnd, getur einnig sett fram kröfur um fitugildru fyrir aðra starfsemi en fram kemur í gr 2. hér að framan, enda séu líkur á að fita í fráveituvatni sé meiri en 100mg/l.

4. Uppsetning, virkni og staðsetning fituskilju

Stærð og staðsetning fituskilju skal vera í samræmi við íslenskan staðal (IST-EN 1825-1 og IST-EN 1825-2) Við val á fituskilju skulu viðmið í töflu 1 höfð til hliðsjónar.

Koma skal fituskiljunni fyrir á fráveitulögn þar sem fitumengað fráveituvatn er losað, eins nálægt „uppsprettu“ þess og mögulegt er. Ekki skal staðsetja fituskilju þar sem hætta er á frostskaða né í rýmum/herbergi þar sem hitastig er hátt (t.d. ekki nálægt ketil- eða ofnarýmum).

Óheimilt er að losa í einni lotu meira fráveituvatn í fituskiljuna en hún er gerð fyrir.

Lögn sem liggur að fituskilju skal vera með vatnslás og grófsigt. Aðkoma til losunar og viðhalds fituskilju skal vera án hindrana. Í fráveitu frá fituskilju skal vera aðstaða til sýnatöku.

Olíumengað frárennsli frá bílaþvotti, bíla- og vélaverkstæðum á ekki að fara um fituskilju heldur í sérstaka olíuskilju. Vísað er í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

5. Rekstur og viðhald fituskilju.

Rekstraraðili ber ábyrgð á reglubundu viðhaldi, hreinsun og losun fituskilju. Losunartíðni skal vera í samræmi við notkun og rennslismagn um fituskiljuna, rekstraraðili ber ábyrgð á því að skilja sé losuð í samræmi við hönnunarforsendur, þó að lágmarki árlega. Fita sem losuð er úr fituskiljum skal

losuð, endurunnin eða fargað hjá aðila sem hefur til þess starfsleyfi.

Bein losun á fitu í fituskilju er óheimil. Steikarolíu skal safna og koma til viðurkennds móttökuaðila til endurvinnslu.

Skólp frá salernum og öðrum hreinlætisbúnaði (handlaugum/sturtum), þvottavélum, og kælivatn skal ekki leiða í fitugildru.

Árlega skal hreinsa fituskiljuna að innan, eftir að hún hefur verið losuð. Við árlega hreingerningu skal einnig yfirfara og hreinsa dælur, ventla, skrapfleti og tímastilli fitugildrunnar.

Rekstraraðili skal halda skrá á tæmingu fituskiljunnar og losun úrgangsins og skulu skráningarnar og kvittanir fyrir móttöku vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Heilbrigisefirliti er heimilt að taka skyndiprufur af fráveituvatni leyfishafa á kostnað rekstraraðila.

7. Undanþágur

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá kröfu um fituskilju ef fita í fráveituvatni er minni en 100 mg/l. Sækja skal um slíka undanþágu og skal fylgja umsókninni niðurstöður mælinga á mengandi efnun í fráveituvatninu (sbr. tafla 1) sem framkvæmdar eru af óháðum aðila.

8. Viðurlög og sektir

Ef ekki er farið að samþykkt þessari og reglum er sveitarfélaginu heimilt að beita þvingunaraðgerðum og dagsektum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Tafla 1. Viðmið um mæligildi í fráveituvatni

	COD mg/l O₂	BOD mg/l O₂	SS mg/l	Fita mg/l
Síður viðkvæmur viðtaki	1000		500	100
Viðkvæmur viðtaki¹	125	25	35	50

¹ Viðtakar eru misviðkvæmir og gildin sem hér eru nefnd ætti aðeins að hafa sem viðmið. Ætíð þarf að meta þol viðtakans og hafa losunarmörk skv. því. Æskilegt að straumar séu þekktir og þynningalíkön liggja fyrir. Ef sveitarfélag býr við kröfu um tveggja þrepa hreinsun má ekki setja meiri mengun út á lagnakerfið en hér er gert ráð fyrir.